

## Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

### 29. fundur 9. júní 2005

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 9. júní 2005 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leos Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Tölvumál.
2. Nettenging.
3. Húsnæðismál.
4. Starfsmannamál.
5. Norrænn skjaladagur.
6. Ljósmyndasýning.
7. Önnur mál.

#### 1. Tölvumál.

Skjalavörður lýsti vanda sem uppi væri vegna tölvumála í safninu og varðar bæði tæknibúnað og fjármál. Samkvæmt upplýsingum hans virðist óeðlilega stór hluti sérmerktrar fjárveitingar til þessara mála vera tekinn til sameiginlegra nota og óskar stjórnin frekari skýringa á því.

#### 2. Nettenging.

Þá skýrði héraðsskjalavörður frá því að nettengingu væri ábótavant, þannig að ekki væri unnt að komast inn á skrár safnsins sjálfs í tölvubúnaði þess. Kom stjórninni það spáskt fyrir sjónir. Vegna 1. og 2. l. óskar hún því eftir að Sigurður Björnsson markaðsstjóri og upplýsingafulltrúi, sem tölvumál heyra undir, geri henni grein fyrir þeim á fundi sem fyrst.

#### 3. Húsnæðismál.

Að gefnu tilefni var rætt um nýtingu húsnæðisins í Hamraborg 1, en því máli að öðru leyti frestað til næsta fundar.

#### 4. Starfsmannamál.

Stjórnin ákvað að safnið yrði opið í sumar og ítrekar þá ósk sína og héraðsskjalavarðar að Ragnheiður Pétursdóttir gegni störfum þar áfram uns annað verður ákveðið (sbr. 27. fg., 4.l.).

#### 5. Norrænn skjaladagur.

Lagt var fram bréf um Norrænan skjaladag frá nefnd um hann, dags. 7. júní og undirritað af Eiríki Guðmundssyni í Þjóðskjalasafni. Dagurinn verður að venju haldinn í nóvember og er óskað þátttöku sem flestra skjalasafna af því tilefni. Hugmyndin er að annað hvort ár sé "þema" dagsins hið sama alls staðar á Norðurlöndum, hitt árið bundið hverju landi fyrir sig eins og hér var í fyrra. Í bréfi sínu gerir nefndin að tillögu sinni að "þemað" í ár verði sjálfsvitund út frá

orðasambandinu "við Borgfirðingar, við Eyjamenn" o.s.frv., en eftir er að útfæra framkvæmdina nánar. Stjórnin samþykkti þátttöku héraðsskjalasafnsins í þessu verkefni og fól héraðsskjalaverði að sjá um málið, en taldi einsýnt að byggt yrði í því sem gert verður á hugmyndinni um sjálfsvitund Kópavogsbúa á afmælisári.

#### 6. Ljósmyndasýning.

Opnun ljósmyndasýningarinnar "Börn í Kópavogi í 50 ár" tókst vel eins og til stóð. Allmargt fólk var viðstatt og aðsókn hefur verið töluverð eins og gestabók safnsins sýnir. Ekki síst vekur útisýningin athygli vegfarenda.

#### 7. Önnur mál.

- a) Aðstæðna vegna verður ekki af þátttöku héraðsskjalavarðar í vestnorrænu þingi skjalavarða á Grænlandi (sbr. 26. fg., 2.a.).
- b) Ákveðið var að óska eftir fundi með Birni Þorsteinssyni sviðsstjóra um rekstur safnsins og framtíðarverkefni.
- b) Stjórnin skoðaði uppkast að kynningarbæklingi um safnið (sbr. 26. fg., 1.b), gerði nokkrar athugasemdir, en leist í stórum dráttum vel á hönnunina.
- c) Gert er ráð fyrir næsta fundi nálægt miðjum júlí.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.10.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal  
meðstjórnandi

Leo Ingason  
héraðsskjalavörður